

Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík 10. janúar 2019  
UST201812-140/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Tillaga - Deiliskipulag - Verslunar- og þjónustusvæði - Golfvöllur á Húsavík


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Norðurþingi er barst 18. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði V3 við golfvöllinn á Húsavík í Norðurþingi.

Í greinargerð kemur fram að helstu markmið deiliskipulagsins er að staðsetja lóð fyrir golfskála og bílastæði og að skapa góðar tengingar við golfvöllinn og Langholt sem er aðkoma að svæðinu og tengin við bæinn.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslýsingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjasrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur